



**Kennari/ar:** Íris Þórðardóttir

**Skammstöfun:** ÍP

### **Lýsing**

Starfsþjálfun sjúkraliðanema er áfangi með námslokum á 3. þrepi og er 27 feiningar. Áfanginn er reynslutími fyrir sjúkraliðanema á heilbrigðisstofnun og stendur yfir í 16 vikur (80, 8 klst. vaktir). Á tímabilinu öðlast nemandinn hæfni og sjálfstæði í störfum sjúkraliða undir handleiðslu reyndra sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga. Við lok námsins í áfanganum skal nemandi búa yfir almennri og sérhæfðri þekkingu, leikni og hæfni til þess að vinna hjúkrunar- og umönnunarstörf á faglegan hátt. Heimilt er að skipta starfsþjálfun niður í tvö til þrjú tímabil, en þjálfunin skal þó vera samfelld á hverju tímabili og lágmarksvinnuhlutfall ekki fara undir 60%. Nemandi skal áður en hann fer í starfsþjálfun fá samþykki skóla fyrir námsstaðnum og skrifa undir námssamning ásamt fulltrúa skóla og ábyrgðaraðila á námsstað. Að loknu námi í VINN2LS08 er nema heimilt að ljúka fimm vikum af starfsþjálfuninni. Nemandi skal alfarið fylgja þeim reglum sem viðkomandi heilbrigðisstofnun setur sínu starfsfólki.

### **Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- faglegum grunni hjúkrunarstarfa
- mikilvægi samskipta og samvinnu í störfum sjúkraliða
- vinnuumhverfi og starfssviði sjúkraliða
- siðareglum sjúkraliða
- lögum og reglugerðum sem tengjast störfum sjúkraliða

### **Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita faglegum vinnubrögðum í sjúkraliðastarfinu
- nýta samskiptahæfni við margvíslegar aðstæður
- taka þátt í þverfaglegu samstarfi
- starfa eftir siðareglum, sýna siðferðisvitund, fordómaleysi, umburðarlyndi og víðsýni í störfum sínum

- vinna eftir gæðaviðmiðum heilbrigðisstofnana.

**Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- yfirfæra og samþætta fræðilega þekkingu að sjúkraliðastarfinu
- beita innsæi, gagnrýnni og skapandi hugsun við lausn hjúkrunarviðfangsefna
- vera fær um að vinna sjálfstætt og bregðast við margvíslegum aðstæðum í sjúkraliðastarfinu
- beita, rökstyðja og ígrunda þær hjúkrunarmeðferðir sem hann framkvæmir samkvæmt hjúkrunaráætlun hverju sinni
- sýna hæfni í samskiptum við ólíka einstaklinga með ólíkar þarfir
- tileinka sér nýjungar og þróa sig í starfi.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat þar sem vinna nemanda í áfanganum er metin með reglubundnum hætti og hjúkrunardeildarstjóri viðkomandi deildar/heilbrigðisstofnunar gefur lokamat í lok starfsþjálfunartímabils.